

## Ársfundur Austurbrúar, haldinn í Tónlistarmiðstöð Austurlands þriðjudaginn 19. maí kl. 16.00.

### Dagskrá:

- 1) Skýrsla stjórnar - Jón Björn Hákonarsson
- 2) Afgreiðsla ársreikninga - Magnús Jónsson KPG
- 3) Fjárhags- og starfsáætlun kynnt - Jóna Árný Þórðardóttir
- 4) Breytingar á skipulagsskrá (ef við á)
- 5) Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar – Jóna Árný Þórðardóttir
- 6) Kosningar – Skúli Björn Gunnarsson og Hilmar Gunnlaugsson kynna
  - A. Kjör stjórnar
  - B. Kjör endurskoðenda
  - C. Kjör starfsháttanefndar
  - D. Kjör siðanefndar
- 7) Ákvörðun um þóknun stjórnar - Hilmar Gunnlaugsson kynnrir
- 8) Önnur mál

**Jón Björn Hákonarson**, stjórnarformaður Austurbrúar setti fundinn og bauð gesti velkomna. Hann lagði til að **Hilmar Gunnlaugsson** yrði fundarstjóri og **Björg Björnsdóttir** fundarritari og var það samþykkt. Alls voru tæplega 30 fundargestir, þar af 15 atkvæðisbærir fulltrúar. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmætan og kynnti fyrirkomulag hans, þ.e. að þetta væri opinn fundur en ákveðnir aðilar hefðu atkvæðisrétt og því með sérstakt spjald í fundargögnum til að greiða atkvæði. Fundurinn var boðaður með sérstöku bréfi til stofnaðila, á vef Austurbrúar og á vef Austurfréttar auk þess sem auglýsing var birt í Dagskránni. Fundurinn telst löglega boðaður og voru ekki gerðar athugasemdir við boðun hans. Fundurinn fer eftir dagskrá skv. 7. gr. skipulagsskrár Austurbrúar.

Að þessu gerðu var gengið til dagskrár.

1. Jón Björn Hákonarson, formaður stjórnar kynnti skýrslu stjórnar. Megin verkefni stjórnar hefur verið að takast á við rekstrarvanda Austurbrúar og fylgja eftir innleiðingaráætlun starfsháttarnefndar. JBH fór yfir framvinduna á starfstíma stjórnar og vék sérstaklega að mikilvægi þess að standa vörð um fjármögnun af hálfu ríkisins inn í landshlutann og að sveitarfélög skoðuðu hvort verkefnum þeirra gæti ekki verið best fyrirkomið innan Austurbrúar. Þá taldi formaðurinn nauðsynlegt að skoðað yrði hvaða



rekstrarform hentaði best fyrir stofnun á borð við Austurbrú, ekki síst með eigendaábyrgð í huga. JBH lýsti því að endingu yfir að hann gæfi ekki kost á sér áfram og þakkaði starfsmönnum og stjórnarmönnum Austurbrúar fyrir farsælt samstarf.

Fundarstjóri greindi frá því að umræða um skýrslu stjórnar yrði tekin eftir kynningu ársreikninga.

2. Næst á dagskrá var kynning ársreikninga, **Magnús Jónsson** frá KPMG fór yfir þá. Vinna KPMG er í samræmi við endurskoðunarstaðla. Niðurstaðan þarf ekki að koma á óvart eftir þá mynd sem birtist á framhaldsársfundi Austurbrúar í lok september og kynnt var á fulltrúafundi í desember 2014. Því stendur fyrri ábending KPMG um að hætta sé á því að stofnunin geti ekki staðið við skuldbindingar sínar komi ekki til ytri fjármögnunar. Tap stofnunarinnar er 54 milljónir kr. og eigið fé er neikvætt um 85 milljónir króna. Heildarskuldir í árslok námu samtals 138 milljónum króna og veltufé frá rekstri er neikvætt sem nemur 63 milljónum króna. Að öðru leyti lá reikningurinn fyrir til umræðu og samþykktar eftir atvikum.



## Rekstrarreikningur 2014:

### Rekstrarreikningur ársins 2014

|  | Skýr.    | 2014                        | 2013                        |
|--|----------|-----------------------------|-----------------------------|
| <b>Rekstrartekjur:</b>   |          |                             |                             |
| Framlög frá Bygðastofnun .....   |          | 22.025.552                  | 27.207.959                  |
| Framlög frá Ríkissjóði Íslands til menningarmála .....                           |          | 54.684.844                  | 57.900.000                  |
| Framlög / sértekjur frá Ríkissjóði Íslands háskóla/rannsóknna .....              |          | 34.200.000                  | 34.123.500                  |
| Framlög / sértekjur frá Ríkissjóði Íslands til simenntunar .....                 |          | 26.118.400                  | 33.040.000                  |
| Framlög sveitarfélaga .....  |          | 24.730.277                  | 24.732.420                  |
| Önnur framlög .....  |          | 92.922.294                  | 88.438.115                  |
| Aðrar tekjur .....   |          | 77.430.387                  | 91.280.627                  |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjámana .....                                    |          | 13.709.530                  | 0                           |
|  |          | <u>345.881.284</u>          | <u>356.722.621</u>          |
| <b>Rekstrargjöld:</b>  |          |                             |                             |
| Laun og launatengd gjöld .....   | 4        | 209.410.098                 | 178.730.566                 |
| Úthlutaðir styrkir .....   |          | 54.950.000                  | 52.200.000                  |
| Kostnaður vegna yfirstjórnar .....   |          | 7.062.513                   | 8.104.558                   |
| Annar rekstrarkostnaður .....  |          | 119.608.715                 | 134.478.455                 |
|  |          | <u>391.031.326</u>          | <u>373.513.579</u>          |
| Rekstramiðurstæða (neikvæð) án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda ..... | (        | 45.150.042)                 | ( 16.780.958)               |
| Afskriftir .....   | 3,6      | <u>4.510.868</u>            | <u>3.587.892</u>            |
| Rekstramiðurstæða (neikvæð) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....            | (        | 49.660.910)                 | ( 20.378.850)               |
| Hrein fjármagnsgjöld .....   | 5        | <u>( 4.404.517)</u>         | <u>( 719.732)</u>           |
| <b>Rekstramiðurstæða (neikvæð) ársins .....</b>                                  | <b>8</b> | <b><u>( 54.065.427)</u></b> | <b><u>( 21.098.582)</u></b> |



**Eigið fé og skuldir:**

31. desember 2014

| Eigið fé og skuldir                                       |       |                      |                      |
|---|-------|----------------------|----------------------|
|   | Skýr. | 2014                 | 2013                 |
| <b>Eigið fé:</b>  |       |                      |                      |
| Stofnfé .....   |       | 1.600.000            | 1.600.000            |
| Ójafnað eigið fé .....                                    |       | ( 86.781.450)        | ( 32.716.021)        |
|   | 8     | <u>( 85.181.450)</u> | <u>( 31.116.021)</u> |
| <b>Langtímaskuldir:</b>                                   |       |                      |                      |
| Skuldabréfalán .....                                      | 9     | 5.386.602            | 6.797.577            |
| <b>Skammtímaskuldir:</b>                                  |       |                      |                      |
| Skuldir við lánastofnanir .....                           |       | 29.599.279           | 14.211.690           |
| Viðskiptaskuldir .....                                    |       | 26.130.614           | 12.238.819           |
| Skuld við tengdan aðila, Vaxtasamningur Austurlands ..... |       | 17.728.095           | 23.018.090           |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda .....                 | 9     | 1.555.130            | 1.524.901            |
| Fyrirframinnheimtar tekjur vegna verkefna .....           |       | 7.038.799            | 7.196.282            |
| Ógreidd úthlutuð framlög .....                            |       | 17.725.000           | 7.400.000            |
| Aðrar skammtímaskuldir .....                              |       | 32.343.332           | 28.176.637           |
|   |       | <u>132.120.249</u>   | <u>93.766.419</u>    |
| Skuldir samtals   |       | <u>137.506.851</u>   | <u>100.583.996</u>   |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>                        |       | <u>52.325.401</u>    | <u>69.447.975</u>    |



Sjóðstreymisýfirlit:

Sjóðstreymisýfirlit 2014

|  | Skýr. | 2014          | 2013          |
|--|-------|---------------|---------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar:</b>                             |       |               |               |
| Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ársins .....              | 11    | ( 54.065.427) | ( 21.098.582) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:       |       |               |               |
| Afskriftir .....                                       | 9     | 4.510.868     | 3.587.892     |
| Verðbætur og gengismunur skulda .....                  |       | 553.061       | 457.909       |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....         |       | ( 13.709.530) | 0             |
| Veltufé til rekstrar                                   |       | ( 62.711.028) | ( 17.052.781) |
| <b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</b> |       |               |               |
| Vörubirgðir, lækkun (hækkun) .....                     |       | 212.160       | ( 693.362)    |
| Skammtimákröfur, lækkun .....                          |       | 15.108.426    | 10.620.637    |
| Skammtimaskuldir, hækkun (lækkun) .....                |       | 28.226.007    | ( 1.770.148)  |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum         |       | 43.546.593    | 8.157.127     |
| Handbært fé til rekstrar                               |       | ( 19.164.435) | ( 8.895.654)  |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>                        |       |               |               |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....             |       | ( 1.858.966)  | ( 9.733.197)  |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....              |       | 20.000.000    | 0             |
| Fjárfestingarhreyfingar                                |       | 18.141.034    | ( 9.733.197)  |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>                         |       |               |               |
| Tekin ný lán .....                                     |       | 0             | 2.500.000     |
| Skuldir við lánaðstofnanir, breyting .....             |       | 15.387.589    | 1.332.666     |
| Skuldir við tengdan aðila, breyting .....              |       | ( 5.289.995)  | ( 3.009.360)  |
| Afborganir langtímalána .....                          |       | ( 1.933.809)  | ( 1.332.454)  |
| Fjármögnunarhreyfingar                                 |       | 8.163.785     | ( 509.148)    |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....                    |       | 7.140.384     | ( 19.137.999) |
| Handbært fé í upphafi árs .....                        |       | 47.815        | 19.185.814    |
| Handbært fé í árslok .....                             |       | 7.188.199     | 47.815        |

HG opnaði fyrir umræðu um skýrslu stjórnar og ársreikning.

**Páll Björgvin Guðmundsson**, bæjarstjóri Fjarðabyggðar tók til máls og taldi Austurbrú vera mjög nauðsynlegt fyrirtæki fyrir Austfirðinga, ekki síst með tilliti til samkeppnishæfni landshlutans. Hann tók sem dæmi flugvallarverkefnið svokallaða. Þar léki Austurbrú lykilhlutverk og starfaði þvert á öll sveitarfélaga og á þverfaglegum forsendum. Niðurstaðan fyrir árið 2014 væri vissuleg neikvæð en vonandi dyggðu aðgerðir síðustu mánaða til að snúa rekstrinum við.

**Björn Ingimarsson**, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs tók undir orð Páls en taldi engu að síður mikilvægt að horfa raunsæjum augum á þann vanda sem stofnunin stæði frammi fyrir. Hann, líkt og Páll, sagðist virkilega vona að



reksturinn væri að komast í jafnvægi. Einnig vildi BI taka undir orð stjórnarformannsins að rétt væri að skoða rekstrarform stofnunarinnar. Þá spurði hann út í hækkun launagjalda á milli ára.

**Gunnlaugur Stefánsson**, fulltrúi Breiðdalshrepps fagnaði sérstaklega orðum stjórnarformanns um að orðið hefði viðsnúningur á rekstri Austurbrúar. Það væru stærstu tíðindi fundarins og gæfi tilefni til að horfa með björtum augum til framtíðar. Hann óskaði þó eftir nánari skýringum á þessum viðsnúningi. Þá tók GS undir orð bæjarstjóra Fjarðabyggðar að það væri sóknarfæri fyrir landshlutann í stofnun eins og Austurbrú. Hann taldi brýnt að huga betur að því að auka gæði og árangur þeirra verka sem Austurbrú er að vinna að.

**Jóna Árný Þórðardóttir**, framkvæmdastjóri Austurbrúar svaraði fyrirspurn um hækkun launaliðar og sagði nýja kjarasamninga sem og starfslokasamninga skýra þá hækkun.

Að loknum umræðum um ársreikninginn og skýrslu stjórnar var ársreikningurinn borinn undir samþykki fundarins. Ársreikningurinn var samþykktur mótaskvæðalaust.

3. HG kynnti **JÁÞ**, framkvæmdastjóra Austurbrúar, sem fór yfir fjárhags- og starfsáætlun ársins 2015. Innleiðingaráætlun starfsháttarnefndar hefði verið leiðarljósið í þeirri endurskipulagningu sem ráðist hefði verið í eftir framhaldsársfundinn á liðnu hausti. Vinna við fjárhagslega endurskipulagningu hefði verið sýnu viðamest. Þess utan væri Austurbrú stofnun í fullum rekstri. **JÁÞ** fór yfir verkefni Austurbrúar og hvaðan fjármunir fyrir þau koma. Starfsáætlun ársins 2015 markast af þeim verkefnum sem Austurbrú hefur með höndum, vonast er til þess að samhliða starfsáætlun fyrir árið 2016 verði hægt að kynna mælikvarða á árangur starfs Austurbrúar. Brýnt sé að standa áfram vörð um gildi menntunar, rannsókna og menningar í landshlutanum. **JÁÞ** vék að þeim möguleikum sem fælust í nýjum Uppbyggingarsjóði Austurlands. Því næst var staðan eftir fyrstu þrjá mánuði ársins 2015 kynnt, um var að ræða óendurskoðað uppgjör, en það ber þess vitni að Austurbrú hafi náð viðspyrnu.

**PBG** spurði hvort inni í uppgjörinu væru einskiptistekjur, **JÁÞ** upplýsti að svo væri ekki, um rekstargjöld á móti rekstrartekjum væri að ræða.



4. Breytingar á skipulagsskrá (ef við á). Fundarstjóri leyfði umræðu undir þessum lið þar sem fyrir fundinum lá tillaga um breytt rekstrarform. Ef hún hlýtur brautargengi fundarsins, verður dagskrá fundarins ekki tæmd heldur fundi frestað. **JBH** kynnti tillöguna.

Tillaga fyrir Ársfund Austurbrúar ses þann 19. maí 2015

Stjórn og framkvæmdastjóra er falið að skoða rekstrarform Austurbrúar með hægkvæmni, ábyrgð og rekstraröryggi að leiðarljósi. Stjórn verði heimilt að leggja niðurstöðu skoðunarinnar og hugsanlegar tillögur um breytingu á reglum stofnunarinnar fyrir framhaldsársfund Austurbrúar ses sem boðaður verður þegar vinnunni er lokið.

Samþykkt á stjórnarfund Austurbrúar 19. Maí 2015

Fundarstjóri bar tillöguna undir fundinn. Hún var samþykkt mótatkvæðalaust. Fundarstjóri frestaði því næst afgreiðslu 4. og 5. liðar til framhaldsársfundar.

5. Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar fór yfir staðfestingu á breytingum á innri reglum Austurbrúar. Liðnum var frestað.
6. Næst á dagskrá fundarins voru kosningar.

*A. Kjör stjórnar*

Fundarstjóri gaf **Skúla Birna Gunnarssyni**, formanni starfsháttarnefndar orðið undir A-lið, hann kynnti tillögur um fulltrúa í stjórn Austurbrúar ses. Einn listi sem liggur frammi. Nýrri stjórn var fagnað með lófaklappi.



Tillaga um fulltrúa í stjórn Austurbrúar ses:

Af vettvangi sveitarstjórnarmála

- Gunnar Jónsson, bæjarritari í Fjarðabyggð
- Karl Lauritzson, fyrrum bæjarfulltrúi á Fljótsdalshéraði
- Sigrún Blöndal, bæjarfulltrúi á Fljótsdalshéraði og form. SSA
- *varamaður:* Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri á Djúpavogi

Af vettvangi atvinnulífs, menningar og menntunar

- Berglind Háslér, listakona og ferðaþjónustubóndi á Karlsstöðum í Berufirði
- Sigrún Birna Björnsdóttir, kennari og fræðslustjóri hjá Alcoa Fjarðaáli
- Sveinn Jónsson, verkfræðingur hjá Mannvit
- Sæunn Stefánsdóttir, viðskiptafr. og forstöðum. Stofnunar rannsóknarsetra HÍ
- *varamaður:* Adolf Guðmundsson, lögfræðingur og fyrrum frkvstj. Gullbergs ehf.

Í 10. gr. skipulagsskrár Austurbrúar ses. segir svo um stjórnarkjör: „Listi starfsháttanefndar skal borinn upp í heilu lagi. Vilji stofnaðilar gera tillögur um aðra fulltrúa skal tillögu um breyttan lista skilað inn minnst 7 dögum fyrir ársfund. Samþykki allra sem stungjæ er upp á skal liggja fyrir.“

**B. Kjör endurskoðenda.**

Tillaga um að það yrði óbreytt. Magnús Jónsson hjá KPMG. Samþykkt með lófaklappi.

**C. Kjör starfsháttanefndar.**

Liggur frammi tillaga um að starfsháttanefnd skipi Björn Hafþór Guðmundsson, Guðrún Á. Jónsdóttir og Skúli Björnsson. Samþykkt með lófaklappi.

**D. Kjör siðanefndar.**

Aðalheiður Árnadóttir, Gunnlaugur Sverrisson og Davíð Þór Jónsson. Samþykkt með lófaklappi.

Tillaga um fulltrúa í starfsháttanefnd Austurbrúar ses.:

- Guðrún Á. Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Austurbrú
- Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar
- Björn Hafþór Guðmundsson, fyrrum frkvstj. SSA

Tillaga um fulltrúa í siðanefnd Austurbrúar ses.:

- Aðalheiður Árnadóttir lögfræðingur
- Gunnlaugur Sverrisson viðskiptafræðingur
- Davíð Þór Jónsson guðfræðingur





7. Fundarstjóri kynnti næsta dagskrárlið: Ákvörðun um þóknun stjórnar. Tillaga um að það verði óbreytt (15 þúsund kr. til stjórnarmanna, 30 þúsund kr. til formanns). Samþykkt með lófaklappi.

Tillaga fyrir Ársfund Austurbrúar ses þann 19. maí 2015

Stjórn Austurbrúar leggur til að laun fyrir stjórnarsetu í Austurbrú skuli vera óbreytt frá fyrra ári eða 15.000 fyrir hverja fundarsetu nefndarmanns og 30.000 til formanns stjórnar.

Samþykkt á stjórnarfundi Austurbrúar 19. Maí 2015

8. Þá var komið að dagskrárliðnum *Önnur mál*. Enginn tók til máls undir liðnum.

Fundarstjóri frestaði fundi kl. 17.25.



